

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 1993

1. nóvember 1993

899

Nr. 439

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Allar rækjuveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum fyrir Norðurlandi:

1. Á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. $67^{\circ}15'N - 19^{\circ}37'V$
2. $67^{\circ}05'N - 19^{\circ}37'V$
3. $67^{\circ}05'N - 21^{\circ}10'V$
4. $67^{\circ}10'N - 21^{\circ}10'V$
5. $67^{\circ}15'N - 20^{\circ}50'V$

2. Á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. $67^{\circ}03'N - 18^{\circ}34'V$
2. $67^{\circ}03'N - 18^{\circ}20'V$
3. $66^{\circ}53'N - 18^{\circ}20'V$
4. $66^{\circ}53'N - 18^{\circ}53'V$

3. Á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. $66^{\circ}49'N - 19^{\circ}20'V$
2. $66^{\circ}49'N - 19^{\circ}12'V$
3. $66^{\circ}36'N - 19^{\circ}12'V$
4. $66^{\circ}36'N - 19^{\circ}20'V$

4. Á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. $66^{\circ}52'N - 18^{\circ}02'V$
2. $67^{\circ}00'N - 18^{\circ}02'V$
3. $67^{\circ}03'N - 17^{\circ}50'V$
4. $66^{\circ}52'N - 17^{\circ}50'V$

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 5. nóvember 1993 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 261, 2. júlí 1993, um bann við rækjuveiðum norðaustur af Grímsey og reglugerð nr. 44, 4. febrúar 1992, um bann við rækjuveiðum vestan Kolbeinseyjar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. nóvember 1993.

Dorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Gjald fyrir hvern hund í Mosfellsbæ sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Mosfellsbæ skal vera kr. 650 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði. Gjald dagi er 1. október ár hvert, og skal greiðast fyrirfram og óskipt fyrir eitt ár, og eigi síðar en á eindaga sem er 1. desember ár hvert. Heimilt er að reikna dráttarvexti af vangoldnum gjöldum.

2. gr.

Handsömunargjald verður sem hér segir:

Í fyrsta sinn	kr. 4.000.
Í annað sinn	kr. 6.000.
Í þriðja sinn og oftár	kr. 8.000.

Geymslugjald fyrir handsamaðan hund er kr. 500 pr. sólarhring, og fæðisgjald kr. 300.

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1993.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.